

46. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar mánudaginn 9. janúar 2011, kl. 08:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnar SSNV frá 22. desember 2011
 - b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 15. desember 2011
 - c) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. desember 2011
 - d) Hafnarsambands Íslands frá 18. nóvember 2011
 - e) Stjórnar Félags-og skólaþjónustu A-Hún frá 15. desember 2011
 - f) Stjórnar Brunavarna A-Hún frá 15. desember 2011
 - g) Bs. um menningu og atvinnumál frá 1. desember 2011
 - h) Bs. um menningu og atvinnumál frá 20. desember 2011
2. Bréf frá Fjölís frá 2. desember 2011
 3. Tölvupóstur frá Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi frá 7. desember 2011
 4. Tölvupóstur frá Ferðamálastofu frá 5. janúar 2011
 5. Bréf frá UMFÍ frá 3. janúar 2011
 6. Bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu frá 21. desember 2011
 7. Bréf frá Húnavatnshreppi frá 4. janúar 2011
 8. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagafirði frá 2. desember 2011
 9. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) Stjórnar SSNV frá 22. desember 2011

Bæjarráð tekur undir d) 5. liðar í fundargerðinni þar sem bréf Innanríkisráðherra frá 28. nóvember 2011 er tekið fyrir og stjórn lýsir yfir ánægju með ákvörðun ráðherra. Í bréfinu segir: "Ég vil þakka góðan fund á 19. ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þann 26. ágúst sl. Ég vil upplýsa, í framhaldi af þeim skoðanaskiptum sem fram fóru á fundinum varðandi val á vegstæði þjóðvega, að í tillögum mínum að tólf og fjögurra ára samgönguáætlunum sem

lagðar verða fram á Alþingi innan skamms, er hvorki gerð tillaga um flutning á hringveginum frá Blönduós yfir á nýja Svínvetningabraut né flutning hans til suðurs frá Varmahlíð. Ég lít svo á flutningur hringvegarins á þessum stöðum eigi ekki vera viðfangsefni skipulagsyfirvalda nema sveitarfélögin sjálf óski eftir því." SSNV lýsir yfir ánægju með ákvörðun ráðherra.

Í fundargerðinni kemur fram að SSNV óskað eftir því bréflega við forsætisráðherra að skipaður verði starfshópur um stöðu Norðurlands vestra. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 15. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

d) Hafnarsambands Íslands frá 18. nóvember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Félags-og skólaþjónustu A-Hún frá 15. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar Brunavarna A-Hún frá 15. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

g) Bs. um menningu og atvinnumál frá 1. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

h) Bs. um menningu og atvinnumál frá 20. desember 2011

Fundargerðin rædd. Lögð fram til kynningar.

2. Bréf frá Fjölís frá 2. desember 2011

Samningur Fjölís og sveitarfélagsins um notkun á höfundarréttarvörðu efni rann út á árinu 2011. Fjölís vill bjóða Blönduósbæ framlengingu á óbreyttum samningi til 1. júlí 2012.

Bæjarráð samþykkir erindið.

3. Tölvupóstur frá Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi frá 7. desember 2011

Óskað er eftir stuðningi við verkefni Flugklasans Air 66N, samstarfsverkefni um beint millilandaflug til Norðurlands í gegnum Akureyrarflugvöll.

Bæjarráð hafnar erindinu.

4. Tölvupóstur frá Ferðamálastofu frá 5. janúar 2011

Ferðamálastofu barst kvörtun frá Jónasi Skaftasyni þar sem gerðar eru athugasemdir við synjun Lárusar Jónssonar, rekstraraðila upplýsingamiðstöðvar á Blönduósi, á birtingu auglýsinga frá Jónasi. Niðurstaða Ferðamálastofu er að

Lárus Jónsson reki upplýsingamiðstöð ferðamanna á Blönduósi í samræmi við lög og reglur sem gilda þar um .

5. Bréf frá UMFÍ frá 3. janúar 2011

Á 47. sambandsþingi UMFÍ var eftirfarandi tillag samþykkt:

„47. sambandsþing UMFÍ haldið í Menningarhúsinu HOFI, Akureyri 15.-16. október 2011, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að leita eftir samningum við sveitarfélög, skóla og gistiheimili um gistingu á afsláttarkjörum fyrir ungmennafélaga.“

Á stjórnarfundum UMFÍ sem haldinn var 25. nóvember 2011 var ennfremur samþykkt að óska eftir því við sveitarfélögin að veita hópum sem eru í íþróttakeppni eða í öðrum samskiptum gistingu á afsláttarkjörum í skólum viðkomandi sveitarfélags. UMFÍ óskar eftir að fá upplýsingar um hvort hægt sé að verða við þessari ósk aðildarsveitarfélaganna.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu og vekja athygli á hófstílltri gjaldskrá stofnana sveitarfélagsins.

6. Bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu frá 21. desember 2011

Blönduós bær sótti um byggðakvóta til ráðuneytisins vegna fiskveiðisins 2011/2012. Ráðuneytið hefur fjallað um umsóknina og er niðurstaðan að Blönduós bær fær úthlutað 132 þorskígildistönum. Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðalaga skal hún skila rökstuddum tillögum eigi síðar en 20. janúar 2012.

Formanni bæjarráðs falið að vinna frekar að málinu.

7. Bréf frá Húnavatnshreppi frá 4. janúar 2011

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps beinir þeirri ósk sinni til bæjarstjórnar Blönduós bæjar að endurskoðaðar verði samþykktir byggðasamlaga og nefnda sem sveitarfélögin reka saman. Einnig óskar hreppsnefnd Húnavatnshrepps eftir, að sérstaklega verði farið yfir kostnaðarskiptingu er byggir á skatttekjum sveitarfélaganna.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagafirði frá 2. desember 2011

Á 274. fundi Sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 30. nóvember sl. var samþykkt svohljóðandi bókun: „Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar tillögum um ráðstöfun veiðileyfa gjalds frá starfshópi sjávarútvegsráðherra er fela í sér viðurkenningu á þeirri miklu tilfærslu fjármagns sem við lýði er frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og styður þá viðleitni sem í tillögunum er að finna til að tekjurnar komi tilbaka, a.m.k. að hluta til. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að tekjur af veiðigjaldi skiptist þannig að 50% renni í ríkissjóð, 40% til sjávarbyggða og 10% til þróunar- og markaðsmála í sjávarútvegi.

Veiðigjald verði einn af lögmætum tekjustofnum sveitarfélaga.

Ekki er síst er þetta mikilvægt á tímum þar sem gríðarlegur niðurskurður á sér stað víða um land, m.a. í heilbrigðis- og samgöngumálum, á sama tíma og atvinnulífið og ekki síst fyrirtæki á landsbyggðinni eru látin bera æ meiri skattbyrði.“

Lagt fram til kynningar.

9. Önnur mál

a) Atvinnumál

Atvinnumál á svæðinu rædd og bæjarráð ákveður að leita samstarfs við SSNV um ýmis verkefni sem eru í farvatninu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 10:15

Kári Kárason (sign.)
Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)